



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Kvistaborg

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025.....	7
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	10
4	Innra mat deilda 2024-2025	12
5	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.....	14
6	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	14
7	Foreldrasamvinna	14
8	Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	15
9	Fylgiskjöl.....	15





1 Greinargerð leikskólastjóra

Kvistaborg er stækkandi skóli og við fluttum starfseminum á miðjum vetri, í lok janúar 2025 og færðum aðalstarfseminum úr Kvistalandi 26 yfir í Haðaland 26. Við rekum skólann í þremur húsum, 1) aðalstarfsemin er í Haðalandi 26, 2) Höllin, sem við köllum, er aukahús á lóð Kvistalands 26 og 3) er vinnuaðstaða kennara á lóð Kvistalands 26.

Við notum enn aðal-lóðina sem er við gömlu bygginguna, og biðum enn eftir að fá afhenta nýuppgerða lóð sem er á milli Haðalands og Kvistalands. Að auki fengum við nýja smábarnalóð fyrir yngstu börnin sem er áföst Haðalandi, sem er mikil búbót. Með komandi framkvæmdum munum við missa aðallóðina. Flutningur starfseminnar gekk mjög vel og það er kannski því að þakka, hversu þjálfuð við erum að flytja starfsemin, við erum nokkuð vön. En það í sjálfu sér er ekki endilega fagnaðarefni.

Við fjölguðum plássum fyrir börn, úr 53 yfir í 87 og við tókumst á við töluverða sérkennslu sem var engin áður, en kallar núna á 6,5 stöðugildi. Þó að flutningurinn sjálfur hafi gengið mjög vel, má segja að við höfum verið að takast á við breyttar aðstæður, krefjandi starfsumhverfi og aðlaga starfsemin okkar að því, ásamt því að laða til okkar gott fólk. Frá hausti 24 höfum við ráðið til okkar a.m.k. 23 starfsmenn, sem sýnir að umfangið er töluvert, því orkan fer í móttökur og þjálfun nýrra starfsmanna. Þessi vinna heldur áfram, því flestir eru ráðnir tímabundið.

Þrátt fyrir ýmsar áskoranir í umhverfi og rekstri Kvistaborgar, þá má segja að umgjörð, hefðum og starfsháttum sé mjög vel viðhaldið og við náum að halda áætlunum okkar og góðu starfi gangandi. Það er styrkleiki okkar. Haustið 2024 útskrifuðust 19 börn frá okkur og fóru í grunnskóla. Ófyrirséð stækkun eða fjölgun barna átti sér stað strax um haustið 2024, þegar Garðaborg lokaði og endaði það með því 26 börn hófu aðlögun hjá okkur haustið 2024. Haustið 2025 útskrifuðum við 15 börn. Sumar/haust 2025 höfum við markvisst verið að fjölga hjá okkur börnum, sjá töflu hér neðar og í dag erum við með 87 börn.

Aðlögun og fjöldi barna skólaárið 2025-2026				
		Eru í skólanum	Aðlögun	Samtals börn í vetur
2024	Víðilundur	0	5	5
2023	Víðilundur	0	6	6
2023	Birkilundur	2	1	3
2022	Birkilundur	2	12	14
2021	Asparlundur	17	10	27
2020	Reynilundur	28	4	32
			38	87





Hreyfing og gleði í Kvistaborg

Markmiðið var að efla þátttöku barna og starfsmanna í fjölbreyttri hreyfingu og bjóða upp á uppbrotsdaga með ólíkum verkefnum og hvatningu til þátttöku og hreyfingar, með gleðina að leiðarljósi. Verkefnið hófst haustið 2023 og var styrkt af Lýðheilsusjóði Norðurmíðstöðvar og verkefnið er enn í gangi. Það hefur minna farið fyrir hreyfingóinu síðustu önn en við erum með mjög skemmtilega íþróttahátíð og skólahlaup fyrir börnin. Að auki höfum við sett upp stöku hreyfistöðvar í útiveru, sem er afar hvetjandi og góð tilbreyting. Starfsmenn hafa einnig tekið sig til og unnið að ýmsum verkefnum sín á milli, sem hafa verið mjög gefandi og styrkjandi fyrir starfsmannahópinn.

Skólahlaup Kvistaborgar fór fram í ágúst 2025, börnin máttu hlaupa eins marga hringi og þau vildu og gátu í kringum lóð og hús skólans í Haðalandi. 70 börn tóku þátt í hlaupinu, hringurinn var 250 metrar og börnin voru óstöðvandi, hlupu allt frá 2 hringjum upp í 31 hringi.

Víkingsstúlkur og nokkur systkini barnanna mættu til að hvetja þau áfram og að hjálpa til, en við vorum með vatnspósta og gáfum börnunum stimpil eftir hvern hring og þau tóku sér hlé inn á milli eftir þörfum, og voru alls ekki á því að hætta.

Fjöldi hringja hlaupnir	Kílómetrar hlaupnir	Hringir hlaupnir að meðaltali á hvert barn
1035	258,75	14,78

Læsi í leikskólum

Norðurmíðstöð vann að sameiginlegri metnaðarfullri læsisstefnu fyrir börn í leikskólum í hverfinu og afraksturinn má finna á heimasíðu Kvistaborgar, kvistaborg.is, en þar er bæði „rit um læsi í leikskólum Norðurmíðstöðvar“ og svo myndband með stuttri yfirferð. Eins gáfum við út plakát.

<https://reykjavik.is/sites/default/files/2025-03/laesi-i-leikskolum-nordurmidstodvar.pdf>

Komdu út að leika

Lýðheilsusjóður landlæknis styrkir þetta verkefni hjá okkur, sem ber heitið Komdu út að leika. Það er hugsað fyrir börn og foreldra Kvistaborgar sem hvatning að koma út að leika á lóð Kvistaborgar, um helgi, frá 10:00-12:00. Þar sem aðgangur að leikefni Kvistaborgar væri í boði og að foreldrar hefðu tækifæri á að mynda góða tengsl við börnin og aðra foreldra. Vegna aðstæðna hefur aðeins verið boðið upp þetta einu sinni, en mikill hugur er að halda áfram með verkefnið veturinn 2025-2026.

Barnamenningarhátíð

Að venju syngja elstu börnin í Hörpu og taka að fullu þátt í þeirri dagskrá sem endar með að foreldrum er boðið á tónleika. Að auki varð sú nýbreytni að næsti árgangur fyrir neðan, börn á Asparlundi, tóku þátt í verkefninu „Frjálsir fuglar“ tengdu barnamenningarhátíð í okkar hverfi, Laugardals, Háaleitis og Bústaðarhverfis. Það endaði með samsýningu í Kaffi Flóru á frjálsum fuglum og með útgáfu á bók sem sýndi framvindu og skráningar á verkefninu.

BBB- betri borg fyrir börn – farsældarlögin

Allir eru að fóta sig í nýrri stefnu og sýn með tilkomu farsældarlaganna. Bæði foreldrar hafa verið upplýstir og starfsmenn setið fræðslufyrirlestra og námskeið varðandi efnið.





Menntastefnan – B-hluti

Í samstarfi við Menntavísindasvið og nokkra skóla, unnum við að verkefni um stærðfræði í námssamfélagi starfsmanna leikskóla. Við fengum til þess styrk. Lokaafurðin var skýrsla/samantekt sem skilað var til Reykjavíkurborgar. Að auki var flutt erindi um verkefnið á Menntakviku haustið 2024. Því er við að bæta að tveir starfsmenn ásamt aðjúnkt frá menntavísindasviði fluttu niðurstöður skýrslunnar á NERA ráðstefnu í Finnlandi mars 2025, sem vakti góða athygli.

Endurmat og námssöguskráningar

Þessi vinna er í stöðugri þróun, en við leggjum mikla áherslu á að börn komi að mati á náms- og starfsumhverfi sínu og við reynum að tryggja að öll börn hafi að minnsta kosti eina námssöguskráningu í sinni ferilmöppu eftir árið.

Regnbogavottun

Á Vordögum 2025, fékk Kvistaborg Regnbogavottun, eftir að hafa farið í gegnum fræðslu og vinnu því tengt. Markmið með Regnbogavottun Reykjavíkurborgar er að gera starfsemi Reykjavíkurborgar hinseginvænni til að koma í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks.

Starfsmannamálin haustið 2025

Það er ekki hægt að ljúka samantektinni á því helsta án þess að fara yfir stöðu ráðningarmála. Taflan sýnir best stöðuna í ráðningarmálum Kvistaborgar. Það tekur tíma að ná stöðuleika þegar skóli er að stækka og að taka að sér stærri og meiri verkefni. Alvarlegast er þó hversu fáir leikskólakennarar sækja um og fjölgun ófaglærðra er mest á meðal ráðinna starfsmanna. Ánægjulegu fréttirnar eru þær að fjórir starfsmenn stunda mastersnám í leikskólakennarafræðum hjá Menntavísindasviði.

Fagmenntun starfsmanna	Stöðugildi 2024-2025	Fjöldi starfsmanna 2024-2025	Stöðugildi 2025-2026	Fjöldi starfsmanna 2025-2026	Fjöldun starfsmanna eftir menntun
Leikskólakennarar	4,3	5	5,2	6	1
Háskólamenntun á uppeldissviði	2,375	3	4,955	6	3
Önnur háskólamenntun	7,7	8	5,6	6	-2
Starfsmenn	4,788	6	11,575	13	7
Tímavinnu starfsmenn		4		11	7
Matráður /aðstoð	1,5	2	1,5	2	0
	20,663	28	28,83	44	16





Nemar


Við fengum einn nema í leikskólakennarafræðum til okkar síðasta vetur og tvo nema frá tungumálaskólanum Mími. Sjö vinnuskólanemar voru hjá okkur í sumar í nokkrar vikur.

Evrópusamstarf

Tveir kennarar fóru til Finnlands í mars 2025 á NERA ráðstefnu og fluttu erindi um stærðfræði ungra barna.

Evrópusamstarf í gegnum Erasmus er alltaf að aukast hjá okkur og við finnum fyrir miklum áhuga á skuggakennslu og fyrirspurnum hefur fjölgað á milli ára. Á síðasta ári tóku við á móti kennurum frá Danmörku og Þýskalandi.

Leikskólastjóri fékk tækifæri á að kynna sér skólastarf í Svíþjóð með leikskólastjórum í hverfinu í mars 2025. Fram undan eru heimsóknir kennara til okkar í skuggakennslu og einnig munu kennarar fara frá okkur í heimsóknir erlendis í vetur.






2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat

Hvað var metið?	Hreyfing og gleði í Kvistaborg
Hvernig fór matið fram?	Samræður starfsmanna á deildarfundum. Samtal í samverustunum með börnunum og rafræn könnun hjá foreldrum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn, börn og foreldrar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Mikil ánægja með verkefnið, börnin höfðu gaman að þessu og við fengum mikla hvatningu frá foreldrum og þeir voru mjög meðvitaðir að verkefnið var í gangi, enda kallaði verkefnið á samvinnu á milli heimilis og skóla. Við höldum áfram á sömu braut. Skýrsla hefur ekki verið gerð. Tækifærið er að útvíkka verkefnið, fá fleiri hugmyndir að samvinnuverkefni og ná að virkja nýja starfsmenn til ábyrgðar og þátttöku.





Ytra mat

Hvað var metið?	Viðhorfsskönnun starfsmanna– Stofnun ársins 2024
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöður Kvistaborgar voru vel yfir meðaltali yfir alla samanburðarhópa, þ.e. Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið, Norðurmiðstöð SFS, Norðurmiðstöð leikskólar. Í heildarmati hækkum við á milli ára, og einstaka þættir sem fara upp eru: 1. stjórnun, 2. starfsandi, 3. ímynd, 4. sjálfstæði í starfi, 5. ánægja og stolt og jafnrétti. Þættir sem dala á milli ára eru: 1. launakjör, 2. vinnuskilyrði og 3. sveigjanleiki í vinnu. Tækifæri til úrbóta: 1. Launakjör: við hvetjum til endurskoðunar á kjaramálum við næstu lausu samninga. 2. Það er að vissu leiti óhætt að segja að vinnuskilyrðin hafa ekki verið góð en við höfum verið í framkvæmdum frá 2017 og það er oft eitthvað sem að við ráðum illa við. Vinnuskilyrðin hafa vissulega batnað með flutningi á starfseminni í Haðaland. Við búum enn þá við flókið starfsumhverfi, rekum skólann í þremur húsum og tveimur lóðum og erum ekki með áfasta aðal lóð við húsið sem hefur mikil áhrif á daglegt líf okkar. Það verður ekki fyrr en endanlegum framkvæmdum lýkur sem að við getum lagfært þetta að fullu. 3. Sveigjanleiki í vinnu: Svolítill ráðgáta með tilkomu styttr vinnuviku starfsmanna. Við erum enn að aðlaga og læra inn á þessa bestu kjarabót sem við höfum fengið síðari ár. Við erum með nokkrar útfærslur á styttri vinnuviku og helgast það bæði af sér þörfum/óskum starfsmanna og ekki síður álagstengdri stöðu vinnustaðar, þar sem starfsmenn safna styttingum til úttektar þegar betur hentar. Eins má nefna lítils fyrirsjáanleika varðandi skráningardaga leikskóla. Þess bera að geta að sveigjanleikinn er á grænu, þó að hann hafi lækkað eða ánægja dalað örlítið á milli ára.

Topp fimm atriði

Heildarmat	4,42
Stjórnun	4,74
Starfsandi	4,52
Sjálfstæði í starfi	4,61
Ánægja og stolt	4,64
Jafnrétt	4,65

Botn þrjú atriði

Launakjör	2,85
Vinnuskilyrði	4,14
Sveigjanleiki vinnu	4,19





Hvað var metið?	Viðhorfskönnun foreldra																				
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun																				
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir foreldrar																				
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	95,7% svarhlutfall eða 45 af 47 foreldrum tóku þátt og allir liðir lenda á milli 4-5, en lægst er 1 og hæst er 5. 97,7% telur að barninu sínu líði vel í leikskólanum 97,7% telur að barnið sé öruggt í leikskólanum 97,5% Geta mælt með leikskólanum við aðra foreldra 80,5% þekkja stefnu og áherslur skólans, aðeins eða mjög vel 90% upplifa starfsandann jákvæðan 85,1% telur upplýsingargjöf, hvað er á döfinni vera hæfilega 84,9% hefur tekið þátt í að meta framfarir barnsins (10% höfðu ekki farið í viðtal) 85,7% Hvetur foreldra hæfilega til þátttöku í skólastarfinu, 12,9% telur hvatninguna of litla og 1,4% telur hana of mikla 100% ánægja með skólann Fimm hæstu meðalskor leikskólans 2025 í samanburði við Reykjavík ● Meðaltal ● Meðaltal Reykjavík <table><tr><td>Áhrif fáiðunar á fjölskyldulífið</td><td>3,0</td></tr><tr><td>Hversu ánægðir foreldrar eru á heildina lítið með leiks...</td><td>4,8</td></tr><tr><td>Ég get mælt með leikskólanum við aðra foreldra</td><td>4,8</td></tr><tr><td>Öryggi barns í leikskólanum</td><td>4,8</td></tr><tr><td>Líðan barns á leikskólanum</td><td>4,7</td></tr></table> Fimm lægstu meðalskor leikskólans 2025 í samanburði við Reykjavík <table><tr><td>Leikskólanum er vel stjórnað</td><td>4,3</td></tr><tr><td>Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi</td><td>4,3</td></tr><tr><td>Foreldrar geta fengið ráð um uppeldi, heilsu og samsk...</td><td>4,3</td></tr><tr><td>Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans</td><td>4,1</td></tr><tr><td>Aðbúnaður í leikskólanum</td><td>4,1</td></tr></table> Á þessum tíma var leikskólastjóri með tvo skóla, bæði Kvistaborg og Garðaborg og minna sýnilegur miðað við áður. Við vorum einnig með starfsemi í fjórum húsum á lóð Kvistaborgar sem lýsir flókum rekstrarlegum aðstæðum og það fundu allir fyrir því, bæði foreldrar, börn og starfsmenn að hittast minna og aðgengið var ekki það sama og áður sem við vorum vön. Við höfum brugðist við þeirri athugasemd að „stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi“ að tryggja vaktir með stjórnunum alveg til loka hvers dags. Stjórnendur deila dögnum á milli sín, það er alltaf stjórnandi í húsi úr stjórnenda teyminu. Ásamt því að við höfum flutt aðalstarfsemina nánast undir eitt þak, sem við teljum góða bót. Við þökkum foreldrum fyrir að taka þátt í foreldrakönnuninni, umsagnir voru hvetjandi og gefa okkur góða innsýn í líðan foreldra og góðum ábendingum vinnum við úr til að bæta upplifun og aðbúnað skólans. Það er svo mikilvægt fyrir okkur að fá endurgjöf, þannig getum gert góðan skóla enn betri. Við berum öll ábyrgð, við erum í þessu saman.	Áhrif fáiðunar á fjölskyldulífið	3,0	Hversu ánægðir foreldrar eru á heildina lítið með leiks...	4,8	Ég get mælt með leikskólanum við aðra foreldra	4,8	Öryggi barns í leikskólanum	4,8	Líðan barns á leikskólanum	4,7	Leikskólanum er vel stjórnað	4,3	Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi	4,3	Foreldrar geta fengið ráð um uppeldi, heilsu og samsk...	4,3	Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans	4,1	Aðbúnaður í leikskólanum	4,1
Áhrif fáiðunar á fjölskyldulífið	3,0																				
Hversu ánægðir foreldrar eru á heildina lítið með leiks...	4,8																				
Ég get mælt með leikskólanum við aðra foreldra	4,8																				
Öryggi barns í leikskólanum	4,8																				
Líðan barns á leikskólanum	4,7																				
Leikskólanum er vel stjórnað	4,3																				
Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi	4,3																				
Foreldrar geta fengið ráð um uppeldi, heilsu og samsk...	4,3																				
Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans	4,1																				
Aðbúnaður í leikskólanum	4,1																				



3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Umbótapáttur	Stjórnun – öryggismál - rýmingaráætlun
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Yfirfara áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað og innleiða rafrænar skráningar á þrifum og eftirliti. Og framkvæma æfingu á rýmingu húsnæðis
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Yfirfara áætlun miðað við nýjar aðstæður og færa allar þrifaskráningar inn í rafrænt form. Það á við bæði eldhús og deildir. Farið yfir með starfmönnum á fundum og framkvæma rýmingaræfingu með öllum
Ábyrgð	Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður eru með yfirumsjón - allir
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Athugun, hvort að allar deildir skólans séu komnar með rafræna skráningu. Yfirferð á áætlun lokið og æfingar átt sér stað.
Viðmið um árangur-viðmið er gæðalýsing	Að allar deildir hafi náð inn rafrænni skráningu og hafi fengið kynningu á áætlun og öryggi og heilbrigði á vinnustað.





Umbótabáttur/	Innleiðing Barnasáttmála UNICEF
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að verða Réttindaskóli UNICEF
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stöðumat gert og farið í innleiðingu, með fræðslu bæði fyrir börn og starfsmenn um réttindi barna. Með þessu stuðlum við að mannréttindum, aukum virðingu fyrir börnum og skoðunum þeirra. Verkefnið er unnið með fulltrúa frá UNICEF, notast við gátlista og vinnum út frá.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Vinnan hefst vor 2026 og lýkur haust 2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Umræðumat, á framvindu verkefnisins.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing	Réttindaskóli UNICEF áramót 2027-2028



4 Innra mat deilda 2024-2025

Víðilundur

Styrkleikar

Á sameiginlegri deild Víðilundar og Birkilundar voru börn fædd 2021, 2022 Og 2023. Frjálsi leikurinn skipaði stóran sess hjá okkur og gáfum við honum gott rými. Fastar Lubba stundir og Blæ stundir einu sinni í viku. Grófhreyfingar æfðar í hreyfistundum, fastur dagur í salnum einu sinni í viku sem við nýttum okkur vel. Áhersla lögð á góða útiveru sem og útikennslu/gönguferðir um hverfið okkar. Skapandi starf fastur liður í okkar starfi þar sem, börnin nutu m.a. liðsinnis myndlistakennara sem vann reglulega með börnunum við sköpun sína. Mjög lærdómsríkar og gefandi stundir.

Tækifæri

Barnahópur Víðilundar skólaárið 2025-2026 samanstendur af mjög ungum börnum. Tveir árgangar; 5 börn fædd 2024 og 6 börn fædd 2023. Mörg að byrja sinn leikskólaferil og hafa ekki verið í vistun áður. Áhersla lögð á góða aðlögun og gefa henni þann tíma sem börnin þurfa til að verða örugg og ánægð hjá okkur. Málörvun, auka orðaforða, tjáningu og skilning. Hafa gott aðgengi að bókum og skipulagðar samverustundir á hverjum degi með söng og lestri bóka. Hópnum skipt upp í tvo hópa, eldri og yngri og unnið aldursmiðað með þeim. Könnunarleikur þar sem börnin njóta sín við rannsóknarvinnu sína með ólíkan verðlausan efnivið. Gefa frjálsa leiknum gott pláss í daglegu starfi. Vinna með Blæ og kynna Lubba fyrir eldri árgöngum með því að hafa stuttar Lubba stundir.

Birkilundur

Styrkleikar

Þessi deild var ekki starfandi síðasta ár – þess vegna er ekki upptalning á styrkleikum hér.

Tækifæri

Hæglæti í fataklefanum, gefa börnum bæði tíma og rými til þess að klæða sig sjálf í fataklefanum með sjálfshjálpi að leiðarljósi.
Málörvun í söngstund, leggja áherslu á söng, lestur, framsögn og rím.
Sjálfsprottinn leikur, starfsfólk þarf að vera andlega- og líkamlega til staðar fyrir börnin í leik. Grípa inn í þegar þörf er á, koma með kveikjur, styðja þau börn sem þurfa á frekari stuðning í leik o.s.frv. (vera virkir þátttakendur í leik barnanna)





Asparlundur

Styrkleikar

Útikennsla, hreyfing og útivera er þættir sem er mjög ríkjandi á Asparlundi. Leikurinn er alltaf í aðalhlutverki, hvort sem við erum inni eða úti. Við grípum hugmyndir hjá börnunum í leik þeirra og hjálpum þeim að þróa leikinn áfram. Það getur falist í því að hjálpa þeim að búa til leikrými, finna hluti fyrir leikinn eða að styðja við barn sem finnst erfitt að komast inn í leikinn. Við tókum þátt í Barnamenningarhátíð, vor 2025, Frjálsir fuglar og börn, sem endaði með sýningu á kaffi Flóru. Ferlið var allt skráð sem endaði með útgáfu á bók um verkefnið. Mjög skemmtileg vinna þar sem farið var á dýptina í að rannsaka fugla og börnin stýrðu ferðinni.

Tækifæri

Halda áfram með það sem við erum að gera en reynum að bæta okkur í söngstundum og í samverustundum. Nýta mánaðar söngblöðin og virkja starfsmenn með og nýta Spotify.

Reynilundur

Styrkleikar

Á Reynilundi er unnið mikið með hreyfingu og tónlist og lög eru sungin og textar krufnir. Með því næst djúp málörvun og hafa foreldrar orð á því að orðaforði barna dafni vel á Reynilundi. Þemavinna um söguna Blómin á þakinu og einnig um vináttu var í vetur. Vinna í Biophiliiu snérist í ár um líkamann. Tækni, tónlist og vísindi báru þar hæst. Heimsókn í Tanngarð, heimsókn í Vísindasmiðju HÍ, þátttaka í Barnamenningarhátíð með Tónskóla Sigursveins, heimsóknir á söfn, leikhúsferðir og ferð í Kvikmyndahús eru dæmi um vettvangsferðir deildarinnar. Hópurinn í vetur var mjög samheldin og þau börn sem komu ný inn í Kvistaborg í haust fengu góðar móttökur.

Tækifæri

Haustið 2025 verða mörg börn á Reynilundi, eða 32 börn. Þeim verður skipt í tvo hópa og er það okkar markmið í vetur að passa upp á það að báðir hópar fái sömu innlögn. Til að tryggja það verður haldið vel utan um allar lestrar, samveru og söngstundir. Vettvangsferðir þarf að fara í tvennu lagi, vegna fjöldatakmarkana í strætisvögnum. Sama á við um annað faglegt starf og vinnu á deildinni. Með samheldnu átaki kennara deildarinnar vonumst við til þess að þetta markmið náist.





5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl verða í nóvember og desember 2025 hjá leikskólastjóra og hjá deildarstjórum á vorönn.

Við stöndum í miklum mannráðningum og við nýtum okkur móttökuáætlun fyrir nýliða í leikskólum Reykjavíkurborgar ásamt því að vera með móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn. Stjórnendateymi (sem samanstendur af deildarstjórum, aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra) sér um móttökur og eftirfylgdina og að veita endurgjöf.

Námsferð innanlands

Allir starfsmenn fóru í námsferð innanlands, en við fórum til Hafnarfjarðar og Reykjanesið og skoðuðum fjóra skóla og starfsemi þeirra. Virkilega nærandi og góð ferð.

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2025-2026

- Öryggistrúnaðarnámskeið – öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður
- Skyndihjálpi – allir starfsmenn
- Matvælaöryggi – allir starfsmenn
- Jafnréttisskóli Reykjavíkur – kynfræðsla allir starfsmenn
- Barnaheill – allir starfsmenn
- Netnámskeið barna- og fjölskyldustofu – allir starfsmenn
- Móttökuáætlun nýliða, hjá Norðurmiðstöð – nýir starfsmenn
- Móttökuáætlun nýliða í Kvistaborg – nýir starfsmenn
- Torgið – sérhæfð námskeið að vali hvers og eins


6 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Kvistaborg á í virku samstarfi við Fossvogsskóla, Neðstaland (Frístund) og leikskólann Furuskóg um ýmsa viðburði og öðruvísi daga í Fossvog, til að mynda furðufatadag, skipulagsdaga, gagnkvæmar skólaheimsóknir og fleira. Samstarfið gekk mjög vel síðasta vetur. Í fylgiskjali nr. 2 og 3 má sjá nýuppfærða áætlun um samstarfið fyrir komandi skólaár.

7 Foreldrasamvinna

Í Kvistaborg er starfrækt virkt foreldrafélag og foreldraráð sem standa að ýmsum upptákum og viðburðum í samstarfi við skólann. Síðasta vetur var til að mynda heimsókn jólasveins sem færir börnunum gjafir og svo var haldin sumarhátíð þar sem foreldrar voru hvattir til að mæta og bauð foreldrafélagið upp á hoppukastala og svo var danskennsla sem endaði með sýningu fyrir foreldra. Vel gert, ef að þú ert enn að lesa þessa starfsáætlun, þá kemur hér svolítið happdrætti eða viðurkenning fyrir foreldra/forsjáraðila sem eiga börn í Kvistaborg. Þrír fyrstu sem senda inn á netfangið kvistaborg@reykjavik.is og upplýsa okkur að þeir hafi séð þennan texta, fá óvæntan glaðning. Merkið póstinn, starfsáætlun – „ég er búin að lesa“.

Boðið er upp á tvö foreldraviðtöl að lágmarki.





Foreldrafundir eru haldnir að morgni fyrir hverja deild í upphafi vetrar þar sem farið er yfir námsefni og starf deildarinnar.

Nývistunarfundur er fyrir nýja foreldra sem hafa fengið úthlutað plássi fyrir barnið sitt í skólanum.

Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn einu sinni á ári að hausti.

Foreldraráð kemur saman eftir þörfum.

Foreldrar og forráðamönnum sem gefa kost á sér til starfa, annað hvort í foreldraráðinu eða foreldrafélaginu, er boðið að taka þátt í jólaballi skólans og að þiggja hátíðarmat á eftir með starfsfólki.

8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Þriðjudagur 7. október Sameiginlegur
- Mánudagur 24. nóvember Sameiginlegur
- Föstudagur 6. Febrúar Sameiginlegur
- Miðvikudagur 18. mars Sameiginlegur grunnskólum
- Fimmtudagur 21. maí Sameiginlegur
- Föstudagur 22. maí (birt með fyrirvara með breytingar)


9 Fylgiskjöl

- Fylgiskjal nr. 1 – skóladagatal
- Fylgiskjal nr. 2 – Samstarf og skipulag skóla 2025-2026
- Fylgiskjal nr. 3 – Öðruvísi dagar í Fossvogi,
- Fylgiskjal nr. 4 – Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Kvistaborgar

Leikskólastjóri

Dagsetning



Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Kvistaborg

Fylgskjal nr. 1



AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MÁRS		APRÍL		MÁJ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F		1 M	Aðlögun	1 M	Aðlögun	1 L		1 M	Kaffihúsið Lundur	1 F	Nýársdagur	1 S	K	1 S	Mjúkt G	1 M	Skráningardagur	1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M		1 M	
2 L		2 Þ	Aðlögun	2 F	V	2 S		2 Þ	Kaffihúsið Lundur	2 F		2 M		2 M		2 F	Skírdagur	2 L		2 Þ		2 F	
3 S		3 M		3 F		3 M		3 M	Kaffihúsið Lundur	3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Föstudagurinn langi	3 S		3 M		3 F	
4 M	Friðagur verslunamanna	4 F		4 L		4 Þ		4 F	Kaffihúsið Lundur	4 S	S	4 M		4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	
5 Þ		5 S		5 S		5 M		5 F	Jólakvöld - 1. dagur	5 M		5 F		5 F		5 S	Páskadagur	5 Þ		5 F		5 S	
6 M		6 L		6 M		6 F		6 L		6 Þ	Þrettándinn - Föllubóð	6 F		6 F		6 M	Annar í Páskum	6 M		6 L		6 M	
7 F		7 S		7 Þ	Skipulagsdagur	7 F	Grænn dagur	7 S	G	7 M		7 L	Þónistarskólans	7 L		7 Þ	HR	7 F		7 S	Sjónmannadagurinn	7 Þ	
8 F		8 M	Dagur læsis	8 M		8 L		8 M		8 F		8 S	ÖÍA	8 S	Æ, EYEI	8 M		8 F		8 M		8 M	
9 L		9 Þ	Aðlögun	9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 M		9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F	
10 S		10 M		10 F		10 M		10 M		10 L		10 Þ		10 Þ		10 F		10 S		10 S	Skólasit grunnskóla	10 F	
11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F		11 S	IY/O	11 M		11 M		11 L		11 M		11 M		11 L	
12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 F		12 M		12 F		12 F		12 S	HN	12 Þ		12 F		12 S	
13 M		13 L		13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 F		13 M		13 M		13 M		13 M	Sumarfrí 13. júlí til 10. ágúst
14 S		14 S	A	14 Þ		14 F		14 S	F	14 M		14 L		14 L	Dagur stærðfræðimanna	14 Þ		14 F	Uppsáttingardagur	14 S		14 Þ	Sumarfrí
15 M		15 M		15 M		15 L	H	15 M		15 F		15 S	Þ	15 S	HJ	15 M		15 F		15 M		15 M	Sumarfrí
16 Þ		16 Þ	Dagur íslenskar náttúru / Aðlögun	16 F		16 S	Dagur íslenskar tungu	16 Þ		16 F	Hattadagur	16 M		16 M		16 F		16 L		16 Þ		16 F	Sumarfrí
17 M		17 M		17 F		17 M		17 M		17 Þ		17 M		17 Þ		17 F		17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	Sumarfrí
18 F		18 F		18 L		18 Þ		18 F		18 S	P	18 M		18 M	Skipulagsdagur	18 L		18 M		18 M		18 L	
19 F		19 F		19 S		19 M		19 F		19 M		19 F		19 F		19 S	ÓIAU	19 Þ		19 Þ		19 S	
20 L		20 L		20 M		20 F	Dagur mannréttinda barna	20 L		20 Þ		20 L		20 F	Málfrí solkar	20 M		20 M		20 M		20 M	Sumarfrí
21 S		21 S	M	21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 L	R	21 L		21 Þ	Barnamenningaráttíð	21 F	Skipulagsdagur	21 S		21 Þ	Sumarfrí
22 M		22 M		22 M		22 L	Bleiki dagurinn Bangsa og náttfataðagur	22 M		22 M		22 S	Konudagur - upphaf Góu	22 S	HL	22 M	Barnamenningaráttíð	22 F	Skipulagsdagur	22 M		22 M	Sumarfrí
23 Þ		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	Þorláksmessa	23 F		23 M		23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti	23 L		23 Þ		23 F	Sumarfrí
24 M		24 M		24 F		24 M	Skipulagsdagur	24 M	Aðfangadagur jóla	24 M		24 Þ		24 Þ		24 F	Barnamenningaráttíð	24 S	Hvítasunnudagur	24 M		24 F	Sumarfrí
25 F		25 F		25 L		25 Þ		25 F	Jóladagur	25 F	T	25 M		25 M		25 L	Barnamenningaráttíð	25 M	Annar í Hvítasunnu	25 F		25 L	
26 F		26 F		26 M		26 M		26 F	Annar í jóli	26 F		26 F		26 F		26 S	Barnamenningaráttíð	26 Þ		26 F		26 S	
27 L		27 L		27 M		27 F		27 L		27 Þ		27 F		27 F	Furufatadagur	27 M		27 M		27 L		27 M	Sumarfrí
28 S		28 S	B	28 Þ		28 F		28 S		28 M		28 L	Þ	28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ	Sumarfrí
29 M		29 M		29 M		29 L		29 M	Skráningardagur	29 M	Þorrlóti	29 F		29 S	Pálmasunnudagur	29 M	Fáranlegur hárdagur	29 F		29 M		29 M	Sumarfrí
30 Þ		30 Þ		30 F		30 S	L	30 Þ	Skráningardagur	30 F		30 M		30 M	Skráningardagur	30 F		30 L		30 Þ		30 F	Sumarfrí
31 F		31 F		31 M		31 M		31 M	Gamlársdagur	31 L		31 Þ		31 Þ	Skráningardagur	31 S		31 S		31 F		31 F	Sumarfrí

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsbús eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagur í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarfrí. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samféll í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Samstarf leik- og grunnskóla og Neðstalands í Fossvogi veturinn 2025-2026

Í gegnum árin hefur þróast gott samstarf á milli skólanna, Kvistaborgar, Furuskógar og Fossvogsskóla og heimsóknir á báða bóga.

Haldið verður í þær hefðir sem skapast hafa í gegnum árin sem eru þessar:

Þriðjudagur 4.nóvember

Nemendur úr 1.bekk Fossvogsskóla fara í heimsókn í gamla leikskólann sinn fyrir hádegi. Svava Björk aðstoðarskólustjóri ræðir við umsjónarkennara um tímasetningu og hópaskiptingu og verður í sambandi við leikskólustjóra/deildarstjóra á leikskólunum.

Mánudagur 17.nóvember

9:30 -11:00 Nemendur úr **Kvistaborg** heimsækja Fossvogsskóla og lganga um húsnæðið og enda heimsóknina í Neðstalandi. Frjáls leikur. Svava Björk aðstoðarskólustjóri Fossvogsskóla tekur á móti hópnum og upplýsir um heimsóknina og verður í sambandi við Önnu Björt í Neðstalandi varðandi skipulag.

Þriðjudagur 18.nóvember

9:30 -11:00 Nemendur úr **Furuskógi** heimsækja Fossvogsskóla og ganga um húsnæðið og enda heimsóknina í Neðstalandi. Frjáls leikur. Svava Björk aðstoðarskólustjóri Fossvogsskóla tekur á móti hópnum og upplýsir um heimsóknina og verður í sambandi við Önnu Björt í Neðstalandi varðandi skipulag.

Miðjan nóvember

Fundur vegna lesskimunar að þeim loknum. Tímasetning ákveðin er nær dregur. Æskilegt er að umsjónarkennarar, deildarstjórar, deildarstjóri fagstarfs mæti á fundinn.

Byrjun desember

Ákveðum tímasetningar í tölvupósti

Nemendur úr 6. bekk (verðandi skólavinir) í Fossvogsskóla heimsækja leikskólana og lesa bækur fyrir alla nemendur á Kvistaborg og Furuskógi. Tímasetning ákveðin þegar nær dregur í samráði við alla aðila. Nemendur undirbúa sjálfir heimsóknina, velja bækur sem þau telja að henti fyrir börnin og þau hafi áhuga á. Umsjónarkennarar aðstoða við valið.

Desember

Fossvogsskóli býður börnunum úr leikskólanum á battó jól. Nánari dagsetning ákvörðuð eftir veðri. Svava Björk sér um upplýsingagjöf varðandi tímasetningu og látum vita deginum áður. Vinabekkur leikskólabarnanna er 6.bekkur og væri því kjörið að vera með þeim á battó jólum.

Vikan 9.-13. Feb

Nemendur úr 7. bekk í Fossvogsskóla heimsækja leikskólana og lesa bækur fyrir alla nemendur á Kvistaborg og Furuskógi. Heimsóknin er góð æfing fyrir Stóru

upplestarkeppnina. Svava Björk sér um að ákveða tímasetningu í samráði við leikskólana og umsjónarkennara.

9.-13.mars

Heimsókn í 1.bekk: Börn úr Kvistaborg mæta í heimsókn í Fossvogsskóla í kennslustund hjá 1.

bekk, borða morgunneiti með þeim og fara í frímínútur. Eftir frímínútur fara þau í heimsókn í Neðstaland. Heimsóknin hefst klukkan 9 í Fossvogsskóla, nestistími hefst klukkan 9:30, frímínútur eru milli 9:50 og 10:10. Svava Björk ræðir við umsjónarkennara um verkefni og skipulag, gott að hafa fjölbreytt verkefni(4-5 stöðvar, líka leikur/hlutbundið).

9.-13.mars

Heimsókn í 1.bekk: Börn úr Furuskógi mæta í heimsókn í Fossvogsskóla í kennslustund hjá 1. bekk, borða morgunneiti með 1. bekk og fara í frímínútur. Eftir frímínútur fara þau í heimsókn í Neðstaland. Heimsóknin hefst klukkan 9 í Fossvogsskóla, nestistími hefst klukkan 9:30, frímínútur eru milli 9:50 og 10:10. Svava Björk ræðir við umsjónarkennara um verkefni og skipulag, gott að hafa fjölbreytt verkefni (4-5 stöðvar, líka leikur/hlutbundið).

13.-17.apríl

Nemendur úr Kvistaborg og Furuskógi mæta í íþróttir í Fossvogsskóla með 1. bekk, fara Fossóhringinn og taka þátt í íþróttatíma. Íþróttatíminn hefst klukkan 10:10. Byrja úti, fara svo inn, fer eftir veðri. Svava Björk heldur utan um skipulag á tímasetningum og upplýsa alla aðila.

maí

Nemendur úr Kvistaborg og Furuskógi koma og horfa á sal hjá nemendum í 1. bekk. Hafa samband tímanlega til að ræða og fá tímasetningu.

Æskilegt er að skipulagið haldi sér, ef þörf er á að breyta tímasetningum skal það gerast í tíma nema óviðráðanlegar aðstæður komi upp 😊 Allir aðilar leggja sig fram um að upplýsa um forföll ef þau koma upp.

Öðruvísi dagar í Fossvogi 2025– 2026

Fossvogsskóli – Furuskógur – Kvistaborg - Neðstaland

Miðvikudagur 10.september

GULUR dagur

Miðvikudagur 22.október

BLEIKUR dagur



Fimmtudagur 23.október

Bangsa - og náttfatadagur



Föstudagur 31. október

Hrekkjavökudagur

Föstudagur 7. nóvember

Grænn dagur (Baráttudagur gegn einelti)



Mánudagur 1. desember

Fullveldisdagurinn



Föstudagur 5. desember

Jólapeysudagurinn/Rauður dagur



Föstudagur 16. janúar

Hattadagur



Miðvikudagur 18.febrúar

Öskudagur



Föstudagur 20.mars

Mislitir sokkar (Alþjóðlegi Downs dagurinn)



Föstudagur 27.mars

Furðufatadagur



Miðvikudagur 29. apríl

Fáránlegur hárdagur



Umsögn foreldraráðs Kvistaborgar

Foreldraráð Kvistaborgar telur áherslur starfsáætlunar Kvistaborgar í góðu samræmi við störf leikskólans undangengið ár.

Leikskólabörnum hefur fjölgað talsvert auk þess sem að meirihluti starfseminnar hefur flust úr Kvistalandi yfir í Haðaland. Það er áskorun að reka skólann í þremur húsum þar sem útisvæði er ekki í öllum tilfellum áfast skólabyggingunni.


Endurbætur á leikskólahúsnæðinu við Kvistaland hafa tafist mikið og foreldraráð Kvistaborgar kallar eftir uppfærðri framkvæmdaáætlun. Þó margt hafi breyst undanfarið ár er festa í skólastarfinu. Áfram er áhersla lögð á að læra í leik, að efla þátttöku barna í fjölbreyttri hreyfingu og að leggja góðan grunn að lestrarfærni barna.

Starfsáætlunin Kvistaborgar er aðgengileg, auðlesanleg og veitir forráðamönnum góða innsýn inn í starf skólans. Þar fyrir utan er upplýsingagjöf til foreldra regluleg og góð yfir skólaárið en hún fer gjarnan fram í gegnum Völu.

Foreldraráð Kvistaborgar hefur engar athugasemdir við starfsáætlun 2025-2026 en vill koma því á framfæri að í Kvistaborg hefur tekist að búa börnum til öruggt, lærdómsríkt og örvandi umhverfi. Ánægja er meðal forráðamanna með það góða starf sem fer fram í Kvistaborg.



Saga Guðmundsdóttir



Gunnar Sigurðsson



Klara Bentsdóttir